

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skagafirði.

Nýtt deiliskipulag, Borgarmýri 1, Sauðárkróki.

Byggðarráð Skagafjarðar samþykkti á 104. fundi sínum 3. júlí 2024 í umboði sveitarstjórnar Skagafjarðar deiliskipulagstillögu fyrir Borgarmýri 1 á Sauðárkróki.

Skipulagsuppráttur nr. DS-01 sýnir lóðamörk, aðkomu og bílastæði og byggingarreiti innan Borgarmýrar 1, ásamt helstu byggingarskilmálum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi, Sætún á Sauðárkrókshöfn.

Byggðarráð Skagafjarðar samþykkti á 104. fundi sínum 3. júlí 2024 í umboði sveitarstjórnar Skagafjarðar breytingu á deiliskipulagi fyrir Sætún á Sauðárkrókshöfn.

Lóð nr. 1 við Vatneyri, þar sem gert var ráð fyrir iðnaðar- og athafnalóð fyrir verbúðir smábátasjómanna, fellur út og færist þess í stað að Vatneyri 2, sem verður 1.963 m² iðnaðar- og athafnalóð, austast á Sætúni. Aðkoma er syðst á lóðinni og fyrir miðri lóð að vestanverðu. Tillaga að 8 bílastæðum er sýnd innan lóðarinnar, ætluð notendum verbúðanna. Innan lóðarinnar er einn, 656 m² byggingarreitur og innan hans er heimilt að reisa verbúðarbil á einni hæð. Hámarksbyggingarhæð er 6 m og hámarksnýtingarhlutfall lóðar er 0,35 sem gefur byggingarmagn allt að 667 m².

Hesteyri 1, Dögun, verður 10.642 m² iðnaðar- og athafnalóð. Stækkunin er til austurs á landfyllingu og nær að Vatneyri. Starfsemi á lóðinni verður óbreytt. Aðkoman er af Hesteyri við suðvesturhorn lóðarinnar og gert er ráð fyrir aðkomu af Vatneyri að norðan og austan. Á lóðinni er 8.483 m² byggingarreitur og innan hans er lóðarhafa heimilt að reisa mannvirki eða byggja við núverandi mannvirki. Hámarksbyggingarhæð á lóðinni er 14 m og heimilt að byggja 2 hæðir. Hámarksnýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,89 sem gefur hámarksbyggingarmagn 9.471,4 m².

Gert er ráð fyrir að spennistöð sem hefur verið á Hesteyri 3 sé víkjandi mannvirki og færist á nýja lóð, Vatneyri 2b.

Hesteyri 2, Kjarninn, verður 20.157,7 m² iðnaðar- og athafnalóð og stækkar um 1.536 m². Aðkoma inn á lóðina verður af Vatneyri að sunnanverðu sem kemur í stað núverandi aðkomu af Eyrarvegi og á tveimur stöðum af Hesteyri að norðanverðu. Á lóðinni er einn 10.775 m² byggingarreitur og er hámarksnýtingarhlutfall 0,4 sem gefur möguleika á byggingarmagni allt að 8.063,1 m². Hámarksbyggingarhæð á lóðinni er 10 m og heimilt að byggja 2 hæðir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 18. september 2024.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.